

# **Hörgársveit**

**Ársreikningur 2020**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>bls.</b>
Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3 - 4
<b>Ársreikningar</b>	
Samantekinn ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana .....	5 - 24
Veitur .....	25 - 29
<b>Sundurliðanir</b>	
Rekstraryfirlit .....	30
Efnahagsyfirlit .....	31 - 32
Sundurliðað rekstraryfirlit aðalsjóðs .....	33 - 36
Sundurliðað rekstraryfirlit eignasjóðs .....	37
Sundurliðað rekstraryfirlit veitna .....	38

Hörgársveit  
Kennitala 510101-3830  
Þelamerkurskóla, 601 Akureyri

## Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Hörgársveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 746,9 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 720,1 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 743,0 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 714,8 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-lið nam 0,4% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í b-lið nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í c-lið nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í a og c-lið um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 21,4 millj. kr. og samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 0,4 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 21,4 millj. kr. og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 2,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 770,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 749,1 millj. kr. Ársverk voru 48.

Íbúafjöldi Hörgársveitar 31. desember 2020 var 653 og fjölgaði um 30 frá fyrra ári.

Stjórnendur sveitarfélagsins hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur sveitarfélagsins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi og erlendis er það mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki haft áhrif á greiðsluhæfi sveitarfélagsins eða veruleg áhrif á mat eigna og skulda.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri Hörgársveitar staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hörgársveit, 29. apríl 2021




Axel Grettisson  
Oddviti



Ásrún Árnadóttir



Jón Þór Benediktsson



Jónas Þór Jónasson



María Albína Tryggvadóttir



Snorri Finnlaugsson  
Sveitarstjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Hörgársveitar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hörgársveitar fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
  - Rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
  - Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
  - Sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.
  - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Akureyri, 29. apríl 2021

**PricewaterhouseCoopers ehf**



Rúnar Bjarnason  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2020

Skýr	Sveitarsjóður A hluti			Samstæða A og B hluti			
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019	
<b>Rekstrartekjur</b>							
Skatttekjur .....	3	399.674	368.827	362.846	399.674	368.827	362.846
Framlög jöfnunarsjóðs .....	3	187.081	184.750	215.123	187.081	184.750	215.123
Aðrar tekjur .....	3	156.283	161.176	182.565	160.119	166.518	186.816
		<u>743.038</u>	<u>714.753</u>	<u>760.533</u>	<u>746.873</u>	<u>720.095</u>	<u>764.784</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	4	390.536	372.757	346.790	390.536	372.757	346.790
Annar rekstrarkostnaður .....		300.995	313.765	321.007	302.693	318.970	326.640
Afskriftir .....	7	22.892	22.305	21.831	25.029	24.295	23.882
		<u>714.423</u>	<u>708.827</u>	<u>689.629</u>	<u>718.258</u>	<u>716.022</u>	<u>697.313</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og (fjármagnsgjalda)</b>							
		28.615	5.926	70.904	28.615	4.073	67.471
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5	(7.248)	(3.675)	(5.088)	(7.248)	(3.675)	(5.088)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<u>21.367</u>	<u>2.251</u>	<u>65.817</u>	<u>21.368</u>	<u>398</u>	<u>62.384</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	Sveitarsjóður A hluti		Samstæða A og B hluti	
		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>					
Efnislegar eignir:	7				
Fasteignir .....		617.882	571.202	617.882	571.202
Veitukerfi .....		0	0	44.510	43.140
Gatnakerfi .....		130.159	104.787	130.159	104.787
Bifreiðar .....		1.833	2.933	1.833	2.933
		<u>749.874</u>	<u>678.922</u>	<u>794.384</u>	<u>722.062</u>
Fjáreignir:					
Eignarhlutir í félögum .....	8	65.961	65.861	65.961	65.861
Langtímakröfur .....	9	10.094	11.730	10.094	11.730
		<u>76.055</u>	<u>77.591</u>	<u>76.055</u>	<u>77.591</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>825.929</u>	<u>756.513</u>	<u>870.438</u>	<u>799.653</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir .....		143	151	143	151
Óinnheimtar tekjur .....	10	50.912	48.201	50.912	48.201
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	9	1.637	1.637	1.637	1.637
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		22.750	21.380	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		13.251	6.518	13.251	6.518
Handbært fé .....		45.515	117.387	45.515	117.387
		<u>134.208</u>	<u>195.273</u>	<u>111.458</u>	<u>173.893</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>960.136</u>	<u>951.786</u>	<u>981.896</u>	<u>973.545</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr	Sveitarsjóður A hluti		Samstæða A og B hluti	
		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	11	749.102	718.573	770.861	740.332
		<u>749.102</u>	<u>718.573</u>	<u>770.861</u>	<u>740.332</u>
<b>Skuldir</b>					
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir .....	12	131.983	142.320	131.983	142.320
Skammtímaskuldir:					
Viðskiptaskuldir .....		26.194	34.512	26.194	34.512
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	12	15.517	14.841	15.517	14.841
Aðrar skammtímaskuldir .....		37.340	41.541	37.340	41.541
		<u>79.051</u>	<u>90.893</u>	<u>79.051</u>	<u>90.893</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<u>211.034</u>	<u>233.213</u>	<u>211.034</u>	<u>233.213</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>960.136</u>	<u>951.786</u>	<u>981.896</u>	<u>973.545</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13 - 17				



## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2020

Skýr	Sveitarsjóður A hluti			Samstæða A og B hluti		
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019	Árið 2020	Áætlun með viðaukum	Árið 2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða ársins .....	21.367	2.251	65.817	21.368	398	62.384
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	7	22.892	22.305	21.831	25.029	24.295
Verðbætur og gengismunur .....	9,12	5.159	4.530	3.875	5.159	4.530
Aðrir liðir .....		0	0	(9.788)	0	0
Veltufé frá rekstri .....		49.418	29.086	81.734	51.555	29.223
Breytingar á skammtímalíðum:						
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) .....		(2.703)	0	(4.665)	(2.703)	0
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		(6.734)	0	1.571	(6.734)	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		(12.518)	0	1.049	(12.518)	0
Breytingar .....		(21.955)	0	(2.045)	(21.955)	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>27.464</b>	<b>29.086</b>	<b>79.689</b>	<b>29.600</b>	<b>29.223</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í efnislegum eignum .....	7	(84.682)	(92.950)	(112.807)	(88.189)	(92.950)
Seldar efnislegar eignir .....	7	0	0	39.752	0	0
Fjárfesting í hlutabréfum .....		(100)	0	0	(100)	0
Afborganir langtímakrafna .....	9	1.637	0	1.637	1.637	0
		(83.146)	(92.950)	(71.418)	(86.652)	(92.950)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....		0	0	40.000	0	0
Afborganir langtímalána .....	12	(14.819)	(15.000)	(13.609)	(14.819)	(15.000)
Eigin fyrirtæki, breyting .....		(1.370)	137	(3.529)	0	0
		(16.189)	(14.863)	22.862	(14.819)	(15.000)
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		<b>(71.871)</b>	<b>(78.727)</b>	<b>31.132</b>	<b>(71.871)</b>	<b>(78.727)</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....		117.387	117.387	86.255	117.387	117.387
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>45.515</b>	<b>38.659</b>	<b>117.387</b>	<b>45.515</b>	<b>38.659</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Hörgársveit er næsta sveitarfélag norðan Akureyrar. Sveitarfélagamörkin við Akureyri eru við Lónið, á móti Akrahreppi við Grjótá á Öxnadalshéiði og á móti Dalvíkurbyggð eru mörkin skammt norðan við Fagraskóg. Hörgársveit varð til við sameiningu Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar 12. júní 2010. Hörgárbyggð varð til 1. janúar 2001 þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur sameinuðust.

Íbúar Hörgársveitar voru 653 talsins þann 31. desember 2020.

Ársreikningur Hörgársveitar fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, A hluta, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Veitur Hörgársveitar.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan. Þar sem gerð hefur verið breyting á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Samantekin reikningsskil

Ársreikningur sveitarsjóðs, A hluta, og samstæðu A og B hluta er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra fyrirtækja og stofnana en öll innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður eru jöfnuð út.

### 2.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi. Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er færður á meðal annarra rekstrartekna / -gjalda, en söluhagnaður (tap) af eignarhlutum í félögum er færður meðal fjármunatekna / gjalda í rekstrarreikningi.

## Skýringar

### 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 2.5 Efnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sveitarfélaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	10 - 40 ár
Veitukerfi .....	1 - 25 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og tæki .....	5 - 10 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 2.6 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur er gangvirði ákvarðað með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Skýringar

### 2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### 2.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 2.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 2.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Óskipulögð lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 2.11 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

### 2.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2020 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt.

### 2.13 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
Skatttekjur:				
Útsvör .....	331.398	300.405	331.398	300.405
Fasteignaskattur og lóðaleiga .....	68.276	68.422	68.276	68.422
	<u>399.674</u>	<u>368.827</u>	<u>399.674</u>	<u>368.827</u>
Jöfnunarsjóður:				
Útgjaldajöfnunarframlag .....	88.185	85.000	88.185	85.000
Grunnskólaframlag .....	52.189	51.600	52.189	51.600
Tekjujöfnunarframlag .....	16.827	16.600	16.827	16.600
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts .....	27.629	27.200	27.629	27.200
Framlag vegna nýbúa og fatlaðra .....	2.250	4.350	2.250	4.350
	<u>187.081</u>	<u>184.750</u>	<u>187.081</u>	<u>184.750</u>
Aðrar tekjur .....	156.283	161.176	160.119	166.518
Þjónustutekjur samtals .....	156.283	161.176	160.119	166.518
Rekstrartekjur samtals	<u>743.038</u>	<u>714.753</u>	<u>746.873</u>	<u>720.095</u>
Íbúafjöldi .....	653	653	653	653
Skatttekjur á íbúa .....	899	848	899	848

### 4. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
Laun .....	279.838	306.815	279.838	306.815
Launatengd gjöld .....	110.699	65.942	110.699	65.942
	<u>390.536</u>	<u>372.757</u>	<u>390.536</u>	<u>372.757</u>

Laun vegna sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 25,0 milljónum króna á árinu 2020 og ársverk voru 48.

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020	Árið 2020	Áætlun með viðaukum 2020
Vaxtatekjur .....	(652)	2.800	(652)	2.800
Tekjur af eignarhlutum í félögum .....	1.111	2.500	1.111	2.500
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....	(7.706)	(8.975)	(7.706)	(8.975)
	<u>(7.248)</u>	<u>(3.675)</u>	<u>(7.248)</u>	<u>(3.675)</u>

### 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2020		Mismunur	Áætlun með viðaukum 2020
	Gjöld	Tekjur		
Aðalsjóður:				
Skatttekjur .....	0	591.774	591.774	558.577
Félagsþjónusta .....	31.702	3.276	(28.426)	(30.054)
Heilbrigðismál .....	1.969	1.335	(634)	(600)
Fræðslu- og uppeldismál .....	425.381	41.447	(383.935)	(379.709)
Menningarmál .....	6.388	0	(6.388)	(7.292)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	98.431	26.698	(71.732)	(70.494)
Brunamál og almannavarnir .....	8.685	0	(8.685)	(8.463)
Hreinlætismál .....	23.891	18.563	(5.328)	(3.987)
Skipulags- og byggingarmál .....	8.418	674	(7.744)	(8.420)
Umferðar- og samgöngumál .....	38.927	0	(38.927)	(40.036)
Umhverfismál .....	8.539	0	(8.539)	(7.670)
Atvinnumál .....	4.330	0	(4.330)	(2.778)
Sameiginlegur kostnaður .....	65.164	4.887	(60.276)	(60.670)
Fjármagnsliðir .....	847	13.459	12.612	17.600
Aðalsjóður samtals	<u>722.672</u>	<u>702.112</u>	<u>(20.560)</u>	<u>(43.996)</u>
A hluta stofnanir:				
Eignarsjóður .....	152.131	194.058	41.927	46.247
Sveitarsjóður samtals	<u>874.803</u>	<u>896.170</u>	<u>21.367</u>	<u>2.251</u>
B hluta fyrirtæki:				
Veitur Hörgársveitar .....	7.825	7.825	0	(1.853)
Sjóðir í B-hluta samtals	<u>7.825</u>	<u>7.825</u>	<u>0</u>	<u>(1.853)</u>
A og B hluti samtals	<u>882.628</u>	<u>903.996</u>	<u>21.368</u>	<u>398</u>

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir

Efnislegar eignir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Gatnakerfi	Veitukerfi	Bifreiðar	Samtals
A hluti í árslok 2020:					
Stofnverð 1/1 .....	882.908	142.225	0	6.250	1.031.383
Viðbót ársins .....	53.760	30.922	0	0	84.682
Endurmat lóða og lendna .....	9.162	0	0	0	9.162
Stofnverð 31/12 .....	945.830	173.147	0	6.250	1.125.227
Afskrifað 1/1 .....	311.706	37.438	0	3.317	352.461
Afskrifað á árinu .....	16.242	5.550	0	1.100	22.892
	327.947	42.988	0	4.417	375.353
Bókfært verð 31/12 .....	617.882	130.159	0	1.833	749.874

	Fasteignir	Gatnakerfi	Veitukerfi	Bifreiðar	Samtals
A og B hluti í árslok 2020:					
Stofnverð 1/1 .....	882.908	142.225	112.219	6.250	1.143.602
Viðbót ársins .....	53.760	30.922	3.507	0	88.189
Endurmat lóða og lendna .....	9.162	0	0	0	9.162
Stofnverð 31/12 .....	945.830	173.147	115.726	6.250	1.240.952
Afskrifað 1/1 .....	311.706	37.438	69.079	3.317	421.540
Afskrifað á árinu .....	16.242	5.550	2.137	1.100	25.029
	327.947	42.988	71.216	4.417	446.569
Bókfært verð 31/12 .....	617.882	130.159	44.510	1.833	794.384

Vátryggingarverð, brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna greinast þannig í árslok:

	Vátryggingar verð	Brunabóta- mat	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Sveitarsjóður:				
Leikskólar .....	160.967	106.565	21.421	166.019
Skólar .....	692.214	724.250	164.350	156.902
Íþróttahús og sundlaugar .....	523.568	541.500	124.191	150.335
Þjónustuhúsnaði .....	0	0	0	222
Lóðir og lendur .....	0	0	559.876	144.404
Gatnakerfi .....	0	0	0	130.159
Bifreiðar .....	0	0	0	1.833
Samtals sveitarsjóður .....	1.376.749	1.372.315	869.838	749.874

## Skýringar

### 7. Efnislegar eignir (frh.)

	Vátryggingar verð	Brunabóta- mat	Fasteigna- mat	Bókfært verð
B hluta stofnanir:				
Fráveitukerfi .....	0	0	0	44.510
Samtals B hluta stofnanir .....	0	0	0	44.510
Samstæða samtals .....	1.376.749	1.372.315	869.838	794.384

### 8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
Dysnes Próunarfélag ehf., Hörgársveit .....	16,67%	2.100	2.100
Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri .....	2,66%	6.623	6.623
Greið leið ehf., Akureyri .....	1,00%	3.743	3.743
Hafnasamslag Norðurlands b.s., Akureyri .....		1.021	1.021
Hjalteyri ehf., Hörgársveit .....	26,28%	3.455	3.455
Hraun í Öxnadal ehf., Hörgársveit .....	56,24%	500	500
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík .....		318	318
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf., Reykjavík .....	0,17%	15.326	15.326
Molta ehf., Eyjafirði .....	0,53%	876	876
Norðurorka hf., Akureyri .....	0,80%	32.000	32.000
		<u>65.961</u>	<u>65.961</u>

### 9. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	Staða 1.1	Ný bréf	Afborganir fært út	Verðbætur	Eftirstöðvar 31.12.2020
Brú lífeyrissjóður .....	6.417	0	(247)	0	6.170
Almenn skuldabréf .....	6.950	0	(1.390)	0	5.560
Langtímakröfur samt. ....	<u>13.367</u>	<u>0</u>	<u>(1.637)</u>	<u>0</u>	<u>11.730</u>

	A hluti	A og B hluti
Langtímakröfur greinast þannig:		
Brú lífeyrissjóður .....	6.170	6.170
Óverðtryggð lán, meðalvextir 6% .....	5.560	5.560
Kröfur samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum .....	<u>11.730</u>	<u>11.730</u>
Næsta árs afborganir .....	<u>(1.637)</u>	<u>(1.637)</u>
	<u>10.094</u>	<u>10.094</u>



## Skýringar

### 9. Langtímakröfur (frh.)

	A hluti	A og B hluti
Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2021 .....	1.637	1.637
Árið 2022 .....	1.637	1.637
Árið 2023 .....	1.637	1.637
Árið 2024 .....	1.637	1.637
Árið 2025 .....	247	247
Síðar .....	4.937	4.937
	<u>11.730</u>	<u>11.730</u>

### 10. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti	A og B hluti
Kröfur .....	73.146	73.146
Niðurfærsla krafna .....	<u>(22.234)</u>	<u>(22.234)</u>
Kröfur, nettó .....	<u>50.912</u>	<u>50.912</u>

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....	17.202	17.202
Tapaðar kröfur á árinu .....	(1.237)	(1.237)
Breyting afskriftaframlags á árinu .....	6.269	6.269
Afskriftareikningur í árslok .....	<u>22.234</u>	<u>22.234</u>

### 11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1/1 2020 .....	718.573	740.332
Endurmat lóða og lendna .....	9.162	9.162
Rekstrarniðurstaða ársins .....	<u>21.367</u>	<u>21.368</u>
Eigið fé 31/12 2020 .....	<u>749.102</u>	<u>770.861</u>

## Skýringar

### 12. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

A hluti:	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2020
Lánasjóður sveitarfélaga .....	157.160	0	(14.819)	5.159	147.500
Langtímaskuldir samt. ....	157.160	0	(14.819)	5.159	147.500

A og B hluti:	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2020
Lánasjóður sveitarfélaga .....	157.160	0	(14.819)	5.159	147.500
Langtímaskuldir samt. ....	157.160	0	(14.819)	5.159	147.500

Yfirlit um langtímaskuldir:	A hluti	A og B hluti
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 3,0% .....	147.500	147.500
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t næsta árs afborganir .....	147.500	147.500
Næsta árs afborganir .....	(15.517)	(15.517)
	131.983	131.983

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2021 .....	15.517	15.517
Árið 2022 .....	15.668	15.668
Árið 2023 .....	15.829	15.829
Árið 2024 .....	14.504	14.504
Árið 2025 .....	13.051	13.051
Síðar .....	72.931	72.931
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir .....	147.500	147.500

### 13. Aðrar upplýsingar

#### Ábyrgðaskuldbindingar

Hörgársveit er aðili að eftirfarandi byggðasamlagi sem hefur fjárhagslegar skuldbindingar:

#### Hafnasamlag Norðurlands

Sveitarsjóðir aðildarsveitarfélaganna bera einfalda ábyrgð á skuldbindingu byggðasamlaga en innbyrðis skiptist ábyrgðin eftir íbúafjölda sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## Skýringar

### 13. Aðrar upplýsingar (frh)

#### Ábyrgð á láni hjá Fallorku ehf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 15. febrúar 2018 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Fallorku ehf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 650 millj. kr. með lokagjalddaga þann 5. desember 2032. Fallorka ehf. er 100% í eigu Norðurorku hf. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 5,2 millj. kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 23. ágúst 2018 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 2.600 millj. kr., með lokagjalddaga þann 15. nóvember 2055. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 20,7 millj. kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 22. ágúst 2019 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 100 millj. kr., með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 800.000 kr.

#### Ábyrgð á láni hjá Norðurorku hf.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á sveitarstjórnarfundi 22. ágúst 2019 að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Norðurorku hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 5 millj. EUR, með lokagjalddaga þann 5. september 2034. Eignarhlutur Hörgársveitar í Norðurorku hf. er 0,80% og er hlutdeild sveitarfélagsins í þessari ábyrgð því 40.000 EUR.

#### Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

